

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Litlu-Borgar, frístundabyggð í Húnaþingi vestra.

Deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Litlu-Borgar í Húnaþingi vestra hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 6. október 2011.

Deiliskipulagssvæðið er samtals um 100 ha og er skilgreint sem frístundabyggð í aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Með auglýsingu þessari fellur úr gildi eldra deiliskipulag frístundabyggðar í landi Litlu-Borgar sem samþykkt var í hreppsnefnd Þverárhrepps þann 21. maí 1990.

Hvammstanga, 22. febrúar 2012.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. mars 2012